



Flugslýsaæfingin Ísafjörður 2010



Lokaskýrsla



Efnisyfirlit

Efni	Bls.
Efnisyfirlit	3
Inngangsorð	5
Orðskýringar	7
Handrit æfingarinnar	8
Almennt um framgang æfingarinnar	9
Aðgerðarstjórn (AST) → Kristín Völundardóttir	12
Aðgerðarstjórn → Öundur Jónsson	14
Lögreglan á Vestfjörðum → Jónas Sigurðsson	15
Leikarar og förðun → Vigdís Agnarsdóttir	17
Starfsmenn Ísafjarðarflugvallar → Arnór Magnússon	19
Heilbrigðisþjónusta – Stjórnandi læknir → Þórður Guðmundsson	20
Slökkvilið → Sveinn H. Þorbjörnsson	21
Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði → Bára Benediktsdóttir, Guðrún Lísbet Níelsdóttir og Helga Rósa Másdóttir	23
Slysavettvangur → Þorlákur Snær Helgason, Björn Heiðar Sigurbjörnsson og Martha Óskarsdóttir.	25
Rannsóknarnefnd flugslysa → Þorkell Ágústsson	27
Fjöldahjálp - Aðstandendur → Jón Brynjar Birgisson og Jóhann Thoroddsen	28
Fundargerð rýnifundar → Kristján Torfason	30



Þessi skýrsla er gefin út af Isavia ohf. en efnisyfirlitið hér að ofan gefur til kynna hverjir eru höfundar einstakra kafla.

Umsjónarmenn með útgáfu þessarar skýrslu eru:
Kristján Torfason kristjan.torfason@isavia.is
Bjarni Sighvatsson bjarnis.sighvatsson@isavia.is



Inngangsorð.

Daganna 6-8.maí var haldin flugslysaæfingin, Ísafjörður 2010. Æfingin var liður í því skipulagi Isavia að halda eina viðamikla flugslysaæfingu á hverjum áætlunarflugvelli ekki sjaldnar en á fjögurra ára fresti. Þessi æfing er í röð margra æfinga sem haldnar hafa verið undanfarin ár á flestum áætlunarflugvöllum landsins. Árið 2004 var síðast haldin stór flugslysaæfing á Ísafjarðarflugvelli. Til stóð að halda æfingu á síðasta ári en að ósk heimamanna var henni frestað.

Að undirbúningi æfingarinnar og að sjálfri æfingunni kom að venju hópur manna af höfuðborgarsvæðinu, svokallaður ráðgjafahópur. Hópur þessi samanstendur af sérfræðingum úr hinum ýmsu starfsstéttum og tengist starf hvers ráðgjafa samsvarandi starfseiningu viðkomandi æfingarsvæðis. Ráðgjafahópurinn fundar og skipuleggur frumvinnu við undirbúning æfingarinnar og í framhaldi af því er farið á viðkomandi stað og haldnar kynningar og kennslunámskeið. Fjöldi ráðgjafa ræðst að nokkru af umfangi / fjölda þeirra sem taka þátt í æfingunni.

Heildarskipulag hverrar æfingar byggist á viðbragðsáætlun, sem Almannavarnardeild ríkislögreglustjóra í samvinnu við Isavia gefur út fyrir hvern flugvöll og kallast flugslysaáætlun viðkomandi vallar. Samhliða æfingunum er því annaðhvort unnið að gerð nýrrar flugslysaáætlunar fyrir viðkomandi flugvöll eða þá að sú sem fyrir var er tekin til endurskoðunar, bæði fyrir æfinguna svo og er hún yfirfarin í ljósi reynslunnar af æfingunni og lagfærð eftir því. Þessi endurskoðun kemur líka viðbragðsaðilum hvers staðar til góða þar sem menn rýna í sinn þátt í áætluninni og gefst bæði tækifæri til að hafa áhrif á áætlunina sjálfa svo og einnig að aðlaga starf sitt og skipulag að henni eða breytingum sem á henni kunna að vera gerðar.

Rétt er að benda á að þótt æfingin beinist einkum að hagsmunum flugfarþega þá nýtist æfingin ekki síður í hverri þeirri vá sem snert gæti viðkomandi bæjarfélag og tæki til fjölda manna, hvort sem um væri að ræða bruna, snjóflóð, rútuslys eða aðra vá.

Nú ganga æfingar sem þessar ekki út á það að kenna viðbragðsaðilum það sem þeir kunna fyrir, heldur er aðaláherslan lögð á að þessir hópar

læri að vinna saman og myndi eðlilegt flæði sem byggist upp á stjórnun vettvangs og umhverfi hans, björgun á slysstað, aðhlyningu við slysstað, fyrstu greiningu, flutning á söfnunarsvæði slasaðra, ummönnun þar og að lokum flutningi á sjúkrahús, fjöldahjálparstöð eða annað eftir atvikum.

Venjulega er mikið lagt undir þegar æfingar eru haldnar. Viðbragðsaðilar hvers staðar rýna í skipulag sitt og búnað og leitast við að bæta hvorutveggja eftir þörfum. Oft er farið út í nokkrar fjárfestingar á hlutun sem menn telja vanta til þess að eining þeirra geti staðið undir væntingum.

Það er því ljóst, að oft er nokkuð lagt undir bæði með mikilli vinnu svo og útlögðum kostnaði. Síðast en ekki síst er mikil framlegð sjálfboðaliða, nyti þeirra ekki við, yrði harla lítið úr flugslysaæfingum,.

Engin æfing verður betri en áhugi þátttakenda segir til um. Þessi æfing heppnaðist í flestu vel og það er ykkur að þakka.

Isavia og þeir ráðgjafar sem komu að æfingunni vilja þakka þátttakendum fyrir ánægjuleg viðkynni og þann áhuga sem æfingunni og undirbúningi hennar var sýndur.

Leitast er við að hafa skýrslu þessa einfalda og auðlesna. Útgáfa hennar hefur eitt aðalmarkmið:

Að draga fram hvað vel fór á viðkomandi æfingu svo viðbragðsaðilar viti hvað þeir gerðu rétt og dragi af því lærdóm..

Að draga fram hvað betur hefði mátt fara á viðkomandi æfingu svo viðbragðsaðilar geti dregið lærdóm af því og bætt úr...

Orðskýringar.

Ráðgjafahópur.

Ráðgjafahópur er hópur fólks af Reykjavíkursvæðinu og frá Akureyri sem hefur aflað sér sérþekkingar á sviði hópslysaviðbúnaðar, hver á sínu sviði. Hópurinn mætir á þann stað þar sem halda á æfingu, tryggir heimamönnum ákveðna fræðslu og aðstoðar við undirbúning, framkvæmd og úrvinnslu æfingarinnar. Á æfingunni sjálfri eru þeir eftirlitsmenn og ráðgjafar og eru staðsettir þar sem sérþekking þeirra kemur að mestum notum.

Aðgerðarstjórn.

Aðgerðarstjórn fer með yfirstjórn aðgerða og er oftast staðsett á lögreglustöð staðarins eða aðsetri almannavarna. Hana myndar hópur staðarmanna þar sem hver og einn starfar vegna þekkingar eða tengsla við viðbragðshópa starfshópa. Til dæmis fulltrúar löggæslu, björgunarsveita, heilbrigðismála, vegamála, slökkvímála og fleira í þeim dúr. Yfirmaður hópsins er lögreglustjóri staðarins eða fulltrúi hans. Verkefni aðgerðarstjórnar er að hafa heildaryfirlit yfir aðgerðirnar, útvega bjargir, sjá um flutning sjúklinga úr héraði, samræma aðgerðir í héraði og vera tengiliður samræmingarstjórnar í miðstöð almannavarna í Skógarhlíð í Reykjavík.

Vettvangsstjórn.

Vettvangsstjórn er lítill hópur fagmanna (oft 2-5) er aðgerðarstjórn skipar til þess að fara með stjórnun aðgerða á (slysa)vettvangi. Vettvangsstjórn sem starfar oftast nærri vettvangi, upplýsir aðgerðarstjórn um gang mála, skipar verkþáttastjóra eftir atvikum, útvegar bjargir og mannskap og tekur aðrar ákvarðanir er lúta að framgangi aðgerða á vettvangi.

Verkþáttastjórar.

Verkþáttastjórar eru undir stjórn vettvangsstjórnar. Þeir sjá um sjálfstæð verksvið, fá bjargir og ráð hjá vettvangsstjórn og upplýsa hana um gang mála.

Björgunarstjóri stjórnar björgunarstörfum á vettvangi, slökkvistörfum, frumgreiningu og leit að fólki.

Aðhlyningarstjóri stjórnar greiningarstöð, sér um sjúkra- og fjöldahjálp, forgangsroðun sjúklinga og ákveður flutning þeirra.

Gæslustjóri sér um lokun og verndun innri svæða (slysstaðurinn) og lokun ytri svæða, umferðastjórnun og almenna gæslu.

Flutningastjóri sér um móttöku bjarga og ákveður biðsvæði, bæði skráningu og skipulagningu. Hann sér um flutning slasaðra af skaðasvæði í greiningu og á sjúkrahús eða annað eftir ákvörðun aðhlyningarstóra.

Lausnaraðilar.

Lausnaraðilar eru allir þeir viðbragðsaðilar heimamanna sem að aðgerðum og lausnum mála koma og vinna beint og óbeint undir stjórn aðgerðar- og vettvangsstjórna. Dæmi um lausnaraðila eru:

slökkviliðsmenn, björgunarsveitir, lögregla, heilbrigðisfólk, Rauði krossinn og margir fleiri.

Samhæfingarstöð.

Samhæfingarstöð almannavarna er staðsett í Skógarhlíð í Reykjavík. Verkefni samhæfingarstöðvarinnar er að aðstoða t.d. aðgerðarstjórnir á landsvísu, útvega hverskins bjargir og samræma störf aðgerðarstjórna þegar umfang aðgerða krefst þess. Hana manna fólk með sérþekkingu á ýmsum sviðum er snerta björgunarmál svo og fulltrúar ýmissa opinberra stofnanna.

Handrit flugslysaæfingarinnar.

Klukkan 11:20 tilkynnir flugturninn á Ísafirði um flugslys. Dash 8 vél sem var að koma inn til landingar á braut 08 virðist, að sögn fluguradíósmanns, fá á sig skyndilegt niðurstreymi og rekst annar vængur flugvélarinnar í jörðina rétt við brautarendann og brotlendir flugvélin. Við brotlendinguna brotnaði vélin í nokkra hluta. Miklir eldar loga í hluta flaksins og farþegar eru fastir inni í flakinu.

Um borð eru 42 farþegar og 3 manna áhöfn.



Flugslysæfingin Ísafjörður 2010.

Almennt um framgang æfingarinnar.

Æfingin var að mestu með hefðbundnu sniði. Að beini heimamanna voru þó búin til sjóverkefni, bæði menn fljótandi á yfirborðinu, lík á botni og hlutar úr vél. Að þessu sinni var vesturendi vallarins notaður sem aðalvettvangur. Þar var á hefðbundinn hátt komið fyrir bíflökum, bæði sem brunaverkefnum og einnig klippuverkefnum, þar sem sjúklingar voru hafðir í flökunum. Einnig var slösuðum dreift um svæðið. Hefðbundinn vettvangur, með verkefnum fyrir björgunaraðila frá slökkviliði, heilsugæslu og björgunarsveitum.

Útkallið frá Neyðarlínunni kom 6-7 mínútum eftir að turn boðaði „Æfing-Neyðarstig-Land-Ísafjarðarflugvöllur-Æfing“. Þetta virðist langur tími. Ætla má að helming (í mesta lagi) tímans megi skrifa á þann tíma sem það tekur turnmanninn að kalla með Tetrastöð til Neyðarlínunnar, gefa upplýsinga um viðbragðsstig og nánari lýsingar á vettvangi. Síðan þarf Neyðarlínan að breyta forskráðum boðum sem send eru út, með tilliti til þess að um æfingu sé að ræða. Þessi ferill ætti samt ekki að taka meira en 3 mínútur. Ekki hefur komið fram nánari skýring á þessum tölum.

Á hverri æfingu kemur upp fjöldi smærri atriða sem úr lagi fara, svo sem skilaboð misfórast eða misskildust, ruglingur er á talhópum í fjarskiptum, menn heyrðu ekki skilaboð vegna hávaða, einhver gerði ekki að sem hann var beðinn um eða gerði það á annan hátt en beðið var um og svona mætti sjálfsagt lengi telja upp. Þetta eru ýmist smáatriði sem gleymast eða smáatriði sem læra má af til bóta.

Hitt er að takist björgunarfólki á sómasamlegan hátt að leysa það verkefni að koma að slösuðum, bjarga þeim, veita þeim fyrstu hjálp og koma þeim til frekari meðhöndlunar á söfnunarsvæði og síðar á sjúkrahús þá eru verkefni leyst sem skipta meginmáli.

Í heild má segja að flugslysæfingin hafi gengið vel. Eldar voru slökktir, sjúklingum var bjargað og komið í aðhlyningu og þeir greindir. Uppsetning söfnunarsvæðis gekk fljótt og vel, en fyrir æfinguna hafði söfnunarsvæði slasaðra verið fært út slökkvistöðinni á vellinum í komubyggingu farþega. Þessi breyting var til mikilla bóta. Vinna á söfnunarsvæði virtist ganga vel, enda öflugt lið frá heilsugæslunni á vettvangi.

Æfingin gekk að sjálfsögðu ekki mistakalaust, ekki frekar en yrði í raunveruleikanum. Skortur var á mannskap á slysstað og gekk því hægar en ella að koma fólki á söfnunarsvæði.

En, samvinna var góð og rennsli æfingarinnar var gott. Það að færri hendur væru að vinna verkið en æskilegt hefði verið, kom ekki niður á æfingargildi æfingarinnar enda samvinna og lausn verkefna það sem gildi en ekki tíminn sem tók að leysa málin. Slíkar æfingar byggjast númer eitt á að þjálfar fólk til að leysa saman fjölda verkefna, þar sem verkþættir viðbragðsaðila skarast á margan hátt. Sú samvinna var með ágætum. Helst mátti harma það að þeir

sem ekki mættu á æfinguna hafi misst af góðu tækifæri til þess að þjálfra sig við þær aðstæður sem bjóðast, þegar flestir viðbragðsaðilar eru að vinna saman.

Punktur:

° Eins og fram kemur hér að ofan vantaði nokkuð marga þátttakendur á æfinguna og þá einkum björgunarsveitarfólk. Hafandi verið í björgunarsveitastarfi í áratugi og tekið þátt í mörgum flugslysaæfingum, þá hef ég alltaf upplifað mikinn áhuga björgunarsveitarfólks að taka þátt í slíkum æfingum enda æfingarnar oft ágætis ögrun og reynsla fyrir björgunarsveitir.

Það sama má segja um ýmsa viðbragðsaðila úr nágrannabyggðarlögum. Ýmsar skýringar eru sjálfsagt á þátttökuleysinu og vonandi að þetta sé einangrað tilfelli. Minna má á að það er ekki verið að æfa fyrir Isavia heldur er um almannavarnaæfingu að ræða þar sem að reynsla, sem fæst af samvinnu í þeirri æfingu, gerir alla viðbragðsaðila hæfari til að vinna saman í hverri þeirri vá sem upp kann að koma og er þá fleira undir en flugslys.

° Viðbragðsaðilar frá Rauða krossinum störfuðu á söfnunarsvæði slasaðra (SSS).Reynslan af því var góð. Það ætti að vera vinnuregla RKÍ að senda meginþorra af því fólki sem myndi mæta til starfa, á SSS. Þar gerir það langmest gagn, sérstaklega á fyrstu stigum aðgerðar.

° Vegna óska, þá voru búin til verkefni fyrir sjóbjörgunarflokka. Reynslan var ekki góð. Björgunarsveitarfólk dreifðist of mikið og of mikill tími margra fór í björgun fárra. Ætla mætti að ef flugslys hefði orðið með þeim hætti sem uppsett var á æfingunni, að þá hefði lítilli orku verið eytt í sjóbjörgun að minnsta kosti á fyrstu stigum, í ljósi þess hve stórt landverkefnið var. Björgunarmenn mega aldrei falla í þá gryfju að halda sig eingöngu við „sitt“ fag í aðgerð. Þegar fólki hefur verið bjargað úr sjó og þar ekki fleiri að finna þá fara menn í fjöru með báta sína og taka til hendinni í landi þar sem ærin verkefni bíða.

Björgunaraðgerð er alltaf sameiginlegt verkefni alls þess björgunarfólks sem á staðinn mætir og enginn á að rétta úr bakinu fyrr en verkefnum er lokið og öllum verið bjargað eða ekki hægt að verða frekar að gagni í viðkomandi aðgerð.

° Starfsmenn Isavia hurfu af vettvangi eftir að slökkvistarfi á vettvangi lauk. Að einhverju leiti má skrifa þetta á misskilning á túlkun á verkefnalýsingu í flugslysaáætlun. Ekki þarf að hafa mörg orð um þetta en vísa til athugasemdanna í punktunum hér fyrir ofan.

° Í aðdraganda æfingarinnar sendi ég forsvarsmönnum viðbragðseininga tölvupósta og bað þá um að láta vita hvort þeir hygðust taka þátt og ef svo

væri hve margir myndu hugsamlega mæta. Aðeins bárust svör frá örfáum. Langflestir létu ekki svo lítið að svara.

Nú þegar þið fáið þessa skýrslu í hendur þá er æfingunni að sönnu lokið, allur undirbúningur sem í hana fór virðist fjarri. En eftir stendur að ýmis atriði gengu vel og þið funduð góðar lausnir á vandamálum. Eins voru hlutir sem ekki gengu sem best og bæta má eða finna betri lausnir á. Þetta eru lærdómsatriði æfingarinnar. Nú er boltinn hjá ykkur. Nú er tíminn til að skipuleggja og framkvæma það sem bæta þarf. Ekki bíða eftir næstu æfingu.

Isavia og ráðgjafarnir þakka öllum þeim sem þátt tóku í æfingunni fyrir þátt þeirra í henni og fyrir mikinn áhuga og ánægjuleg viðkynni.

Bjarni Sighvatsson, æfingastjóri.

Starfsmaður Flugverndar- og björgunardeildar Isavia.



Flugslysaæfingin Ísafjörður 2010 - Skýrsla lausnaraðila.

1. Starfseining	Skýrsluritari/ar:
Aðgerðarstjórn (AST)	Kristín Völundardóttir

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni
Aðgerðarstjórn

3. Hvar var viðkomandi staddur á meðan á æfingu stóð?
Stjórnstöð AST, húsi slökkviliðs Ísafjarðarbæjar

4. Nefnið nokkur <u>atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.</u>

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Ekkert sem kemur í hugann.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

Vorum of fáliðuð, þ.a. verkaskipting varð ekki nægilega skýr. Gengum ekki eftir því að fá upplýsingar um fjölda hjálparliða á björgunarstað og tryggðum ekki að vettvangsstjóri hefði nægilegan mannskap til að sinna hlutverki sínu.

5. Nefnið nokkur <u>atriði sem fóru vel.</u>

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Tel undirbúning hafa verið til fyrirmyndar.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

Við náðum vel utan um framgang björgunarinnar, þó tölfræðin hafi verið á reiki þar til í lok æfingar. Við vorum í stöðugum samskiptum við vettvangsstjóra til að hafa sem gleggsta yfirsýn yfir framganginn. Í upphafi æfingar voru engin samskipti við SST, en við sáum fljótt að það gekk ekki, þ.a. þeim var komið á fót og þá fékk æfing raunverulegra yfirbragð.

Almennt:

Afmarkið efnistöð við lærdómsatriði æfingarinnar og tillögur til úrbóta.

1. AST þarf að hafa 1 fjarskiptafulltrúa og einn ritara, fjarskiptafulltrúinn þarf að fá skriflegar beiðnir frá þeim sem eru að óska upplýsinga í gegnum fjarskiptin.
2. Í AST verða að vera að staðaldri 10 manns til að verkum sé stýrt hnitmiðað.
3. Nýta þarf veggjatöflur betur og skipuleggja hvað þangað á að fara strax í upphafi slyss/æfingar.
4. Æskilegt er að tekið sé upp í hljóð og mynd hvað fer fram hjá AST.
5. Gæta þarf að því hvernig menn nýta talstöðvarnar (tala ekki of nálægt og ekki hafa of margar talstöðvar opnar í einu).
6. Styrkja þarf vettvangsstjóra, skv. áætlun eru 3 í vettvangsstjórn. Æskilegra væri að hafa þá 5, þ.a. vettvangsstjóri hafi betri yfirsýn yfir hvað er að gerast og að hann geti verið hreyfanlegri en nú er skv. núgildandi áætlun.
7. Setja þarf á fót sérstaka stöðu leitarstjóra sem heyrir undir vettvangsstjóra, en í flestum æfingum er ekki lögð nægilega mikil áhersla á leit innan sem utan svæðis, heldur er björgun þeirra sem sjást sett í forgang. Í leitaruveit verður að vera ákveðinn lágmarksfjöldi.



Flugslysaæfingin Ísafjörður 2010 - Skýrsla lausnaraðila.

1. Starfseining	Skýrsluritari/ar:
Aðgerðarstjórn	Önundur Jónsson

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni

Almannavarnarnefndin á norðanverðum Vestfjörðum

3. Hvar var viðkomandi staddur á meðan á æfingu stóð?

Stjórnstöð almannavarna/aðgerðarstjórn

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Horfa meira til þess raunverulega sem gerist ef flugvél brotlendir. Hvað með þá alla sem eru í flugstöðinni, hvað gera þeir? Brýnt að gera sér grein fyrir hættunni sem af því stafar.

Undirritaður á ekki að vera allan tímann í aðgerðarstjórn hann á að fara sem fyrst á vettvang og hafa stöðu við hlið vettvangsstjóra, án þess að taka yfir hans störf. vera meira leiðbeinandi/ráðgjafi og aðstoða vettvangsstjóra. Betur sjá augu en auga og það er sama með eyrun.

Aðgerðarstjórn fá a.m.k. 10 manna starfslið strax.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

Var ekkert á vettvangi, en heyrði að björgunarstjóri hefði átt að virkja fleiri til að leita lengra að slösuðum aða sálum eins og sagt er. Þær geta ranglað langt frá hinum eiginlega slyssað og farið sér þar að voða.

5. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Kynna fyrir þátttakendum farþegalistann, kenna þeim á hann. Misræmið í talningu vegna þekkingarleysis er óþarfur í æfingunni.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

Almennt:

Afmarkið efnistöð við lærdómsatriði æfingarinnar og tillögur til úrbóta.

Almennt spjall um framgang æfingarinnar á ekki heima í þessum hluta skýrslunnar!

Frá minni stöðu séð. Kalla til a.m.k. 10 manna lögregluflokk frá Reykjavík (?) til aðstoðar við rannsókn slysavettvangs og frágangs „svartra farþega“ (fer eftir fjölda þeirra). Ef slys er í skammdagi þarf að huga að lýsingu, rafstöðvar. Ef veður er slæmt þarf tjöld. Svona fátt eitt til talið.

Flugslysaæfingin Ísafjörður 2010- Skýrsla lausnaraðila.

1. Starfseining	Skýrsluritari/ar:
Lögreglan á Vestfjörðum	Jónas Sigurðsson aðst.yfirlögregluþjónn

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni
Kom að undirbúningi allra verkþátta, sem tengiliður heimamanna við ISAVIA

3. Hvar var viðkomandi staddur á meðan á æfingu stóð?
Hafði nokkuð góða yfirsýn yfir vettvang, bæði frá aðsetri vettvangsstjórnar og einnig á sss og slysstað. Var ekki með neitt afmarkað hlutverk í æfingunni og var sem ráðgjafi og sem slíkur kom að athugasemdum til verkþáttastjóra á meðan á æfingunni stóð.

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.
Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis: <i>Undirbúningur æfingarinnar gekk vel fyrir sig að mínu mati, tíminn nægilegur sem ætlaður var til undirbúnings og allir virtust leggjast á eitt um að gera það sem þeim var falið, það komu ekki upp neina sérstök vandamál, sem hægt er að hafa orð á og ekki voru leyst.</i>

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

<i>Varðandi æfinguna sjálfa þá gekk hún nokkuð vel fyrir sig. Mér fannst að það hefðu átt að vera fleiri björgunarmenn á svæðinu, á ég þá við björgunarsveitarmenn, landmenn, en sjóflokkurinn virtist vera vel mannaður. Þá fannst mér vanta á að björgunarmenn, þá á ég bæði við slökkviliðsmenn og björgunarsveitarmenn ynnu nægilega vel saman, eins og menn gerðu sér ekki grein fyrir að á svona vettvangi þegar margar starfseiningar eru að vinna saman, að vinna undir stjórn þess aðila sem skipaður er t.d. björgunarstjóri, sem í þessum tilfellum, flugslysum kemur vanalega og samkvæmt skipulagi, úr röðum slökkviliðs, þannig að t.d. björgunarsveitarmenn vinna undir hans stjórn. Þetta tel ég mjög mikilvægt, að björgunarlið temji sér þegar margar einingar eru að vinna saman. Úr þessu má auðveldlega bæta, með markvissri fræðslu og breyttum hugsunarhætti. Enn og aftur er það talningin sem þarf að taka til skoðunar og þá hugsanlega til endurskoðunar. Miðað við þennan vettvang, sss, flugstöðin og aðeins um einn inngang og einn útgang, er ljóst að það þurfa að vera tveir talningarmenn. Þá fannst mér menn ekki vera nægilega ákveðnir í að óska eftir fleiri aðilum til hinna og þessara starfa, ef þannig háttaði, verkþáttastjórar ef til vill ekki nægilega ákveðnir að fara fram á meiri mannskap. Varðandi vettvangsstjórnina sjálfa þá var þar brotalöm. Það vantaði fleiri aðila í vettvangsstjórn, ekki nægilegt að þar séu tveir menn, það er allt of lítið. Upplýsingaflæði milli vettvangsstjórnar og aðgerðarstjórnar var ekki nægilegt og upplýsingar ekki nægilega markvissar. Að þessu þarf að huga og koma inn í skipulagið að það þurfa að vera fleiri en þrír í vettvangsstjórn eins og núverandi skipulag gerir ráð fyrir. Úr þessu þarf að</i>
--

bæta og hafa að minnsta kosti fimm í vettvangsstjórn, því að við þurfum alltaf af gera ráð fyrir forföllum. Þá er ekki úr vegi að nefna það að menn mættu skoða betur fjarskiptaskipulagið, þannig að menn væru vel meðvitaðir um það á hvaða rás þeir eiga að vera.

5. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Miðað við slys af þessari stærðargráðu sem var verið að takast á við gekk æfingin vel í alla staði og í heildina litið var ég ánægður. Það má taka það fram að hlutirnir gengu mjög vel fyrir sig á söfnunarsvæði slasaðra og sá þáttur til fyrirmyndar og sérstaklega talað um að flæðið hjá þeim í gegn og greining hafi gengið með afbrygðum vel.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

Keyrsla æfingarinnar gekk vel og vel skipulögð, fyrir utan smá hnökra vegna fjarskiptamála, þar sem Tetra datt út í byrjun æfingar vegna tæknilegra aðstæðna.



Flugslysaæfing Ísafjörður 2010 - Skýrsla ráðgjafa

1. Viðfang (Verkpáttur eða verkefni)	Ráðgjafi/ar:
Leikarar og förðun	Vigdís Agnarsdóttir

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni

ISAVIA ohf, Slökkvilið Akureyrar.

3. Hvar var viðkomandi ráðgjafi staddur á meðan á æfingu stóð?

Í leikaramiðstöð í Guðmundarbúð, á vettvangi, síðan á SSS > Leikaramiðstöð.

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Á stórri æfingu sem þessari er nauðsynlegt að fá nægilega marga eftirlitsaðila sem eru eingöngu að fylgjast með að leikarar séu í góðum málum. Ég hafði aðeins tvo aðstoðarmenn í þessu hlutverki sem var ekki nóg. 4 leikarar voru mjög lengi einir og biðu utan vallarsvæðis þar sem langan tíma tók að koma til þeirra björgunarmönnum. Það hefði verið mjög gott að hafa 2 aðstoðarmenn til viðbótar.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis



5. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Ekki var þörf á því að hafa förðunarnámskeið fyrir þessa æfingu þar sem aðstoðarfólkið hafði allt farið á þannig námskeið og tekið þátt í undirbúningi flugslysæfinga áður. Takk fyrir Sigrún, Gunna, Pröstur, Margrét og Marsibil. Vonandi get ég stólað á ykkur á næstu æfingu, þið eruð orðin ferlega góðir slysafarðarar.

Leikarakynning var haldin á föstudeginum í Guðmundarbúð. Þangað mættu áhugasamir einstaklingar sem margir eru úr unglingsdeild Björgunarfélags Ísafjarðar. Við fengum 38 leikara til að taka þátt í æfingunni sem var alveg ágætt og í raun alveg nógu margir vegna fámennis í röðum björgunarliðs.

Við hófum undirbúning klukkan 7:30 á laugardagsmorgun og leikarar komu fyrstir um klukkan 8:00. Skráning og gerð farþegalista gekk mjög vel og listinn var tilbúinn mjög tímanlega. Listinn var afhentur á minnislykli í flugstöð þegar æfingin var að hefjast.

Skráning og utanumhald á leikurum á æfingunni gekk mjög vel. Staðsetning og fyrirkomulag við að dreifa sjúklingum á vettvang gekk einnig mjög vel þar sem samvinna við SA um uppsetningu vettvangs skilaði sér vel. Teikning á uppsetningu vettvangs og fyrirfram ákveðin staðsetning leikara er eitthvað sem er að virka einstaklega vel og flýtir mjög fyrir því að koma leikurum fyrir í upphafi æfingarinnar.

Margir leikarar áttu stórleik og stóðu sig einstaklega vel.

Ég vil þakka Sigrúnu Maríu Árnadóttur hjá Björgunarfélagi Ísafjarðar alveg sérstaklega fyrir aðstoðina, hún aðstoðaði við marga þætti undirbúningsins og gerði mín störf auðveldari á allan hátt.

Takk fyrir okkur.

Kveðja, Vigdis Agnarsdóttir

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

Flugslysaæfingin Ísafjörður 2010 - Skýrsla lausnaraðila.

1. Starfseining	Skýrsluritari/ar:
Starfsmenn Ísafjarðarflugvallar.	Arnór Magnússon.

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni
Starfsmenn Isavia, Flugfélags Íslands, flugbarinn.

3. Hvar var viðkomandi staddur á meðan á æfingu stóð?
Á slysstað, farþegasal og turni.

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.
--

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

*Starfsmenn Flugfélagsins segja að farþegalisti hafi borist með of stuttum fyrirvara og uppsetning listans villandi.
Starfsmenn flugfélagsins og flugbarsins telja sig þurfa námskeið í slyshjálp.
Áhöfin hefði mátt vera auðkennd.
Eftir að fyrstu aðgerðum lauk voru þeir sem ekki höfðu tetra-stöðvar svolítið utan gátta, gæti þurft fleiri stöðvar.*

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

*Dælubíll slökkviliðs Ísafjarðar hefði mátt tengjast útlögðum slöngum flugvallar-Slökkvibíls.
Það virtist vera mikið álag á gæslustjóra, og ekki virtist vera á hreinu hver ætti að vera með spjöldin rauðu og grænu v/opnun eða lokun flugvallarins fyrir umferð.
Ekki voru farþegar í sal, og því ekki um að ræða hjálp frá fólki þaðan, því við Tókum eftir því að fólk í aðhlyningu var farið að bera sjúkrabörur út úr flugstöð, og gátum við brugðist við því eftir að fyrstu aðgerðum á slysstað lauk.*

5. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.
--

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Allur undirbúningur gekk vel, sem og æfingin sjálf, allir í startholunum og ekkert stress, enda um gönguæfingu að ræða.
Gaman að sjá hve fagmannlega var unnið að greiningu í flugstöð.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

--

Flugslysaæfingin Ísafjörður 2010 - Skýrsla lausnaraðila.

1. Starfseining	Skýrsluritari/ar:
Heilbrigðisþjónusta – Stjórnandi læknir	Pórður Guðmundsson

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni
Læknar, hjúkrunarfræðingar, sjúkraliðar

3. Hvar var viðkomandi staddur á meðan á æfingu stóð?
Söfnunarsvæði slasaðra

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.
Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis: <i>Að mínu mati hefði mátt leggja meiri áherslu á kynningu og auglýsingar fyrir æfinguna uppá þátttöku hjá heilbrigðisstarfsfólki. Samskiptin milli skipuleggjanda og lykilmanna á staðnum hefðu mátt vera meiri og með betri fyrirvara.</i>

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

<i>Skipulag á aðföngum, tækjum og tólum má bæta. Talsverður tími fór í leit að hlutum eins og thorax drenum, ventilator-möskum og fleiri hlutum.</i>
--

5. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.
Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis: Góð fræðsla og kynning á mati og móttöku traumasjúklinga.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

Skjót uppsetning á aðstöðu fyrir móttöku slasaðra. Góð vinnubrögð, flokkun, greining og úrlausnir hjá heilbrigðisstarfsmönnum að mínu mati.
--

Flugslysaæfingin Ísafjörður 2010 - Skýrsla lausnaraðila.

1. Starfseining	Skýrsluritari/ar:
Slökkvilið	Sveinn H. Þorbjörnsson Björgunarstjóri

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni
Slökkvilið, sjúkraflutningar og björgunarsveitir.

3. Hvar var viðkomandi staddur á meðan á æfingu stóð?
Á slysavettvangi

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.
Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:
<i>Fjarskipti, þó að þetta sé í viðbragðsáætlun þá þarf að fara vel yfir fjarskipti fyrir svona verkefni ef það á að ganga upp, annars verða alltaf hnökrar og menn hugsa að þessi fjarskiptamál verði alltaf vandamál. Hugsanlega væri hægt að laga þessi mannlegu mistök með að nota fjarskipti á skrifborðsæfingu og að aðilar frá aðgerðarstjórn taki þátt í því.</i>
<i>Salur Björgunarfélags Ísafjarðar er auðsjáanlega ekki nógu stór fyrir alla sem vilja hlýða á fyrirlestra sem eru opnir öllum.</i>
<i>Slökkvilið: Það er tilvalið að skerpa á þeim sérstöku hættum sem geta verið þegar flugvél hrapar / brotlendir. Richardur var víst með einhvern fyrirlestur en vegna tímaskorts þar sem það voru æfingar / fyrirlestrar þá fannst ekki tími fyrir hann að koma á slökkvistöð og lesa yfir mannskapnum.</i>

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

<i>Umfang: Þá á við að þegar var liðið á æfingu var okkur bent á að það væri fólk í fjöru við Hauganes, þetta varð til að fara varð með tæki og mannskap sem var takmarkaður fyrir út fyrir svæði, vegna áreitis frá æfingarstjórn sem hafði áhyggjur af leikurum var þetta gert.</i>
<i>Gestir / Hlutverk: Á miðri æfingu var ljósmyndara sagt að fara úr bláa vestinu sem hann var í við upphaf æfingar, og verða óæskilegur inn á svæðinu, mjög illa útfært þar sem það hefði verið miklu eðlilegra að fá leikara til að vera í þessu hlutverki, það er varla hlutverk þeirra sem taka þátt í æfingu sem þessari að vera að fylgjast með ef gestir fara að rífa sig úr vestum og bregða sér í hlutverk á miðri æfingu.</i>

5. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Það er fátt sem ég get talið sérstaklega fram sem var eitthvað betra en annað, allmennt var nokkuð vel staðið að undirbúningi æfingarinnar.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

Greining gekk vel og var Bára og co búinn að fara vel yfir bráðaflokkum með sjúkraflutningamönnum og björgunarsveitarfólki.

Slökkvistarf gekk vel, leit og björgum gekk vel (fyrir utan fólk sem var langt utan svæðis)

Flutningar gengu vel miðað við þann tækja kost sem staðsett á flugvelli (3 sjúkrabílar + björgunarsveitarbíll) og er því að þakka að ekkert þurfi að flytja af svæðinu.



Flugslýsaæfingin Ísafjörður 2010 – Skýrsla ráðgjafa.

1. Starfseining	Skýrsluritari/ar:
Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði	Bára Benediktsdóttir Guðrún Lísbet Níelsdóttir Helga Rósa Másdóttir

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni
Heilbrigðisstarfsfólk Ísafjarðarspítala, Björgunarfélag Ísafjarðar, Sjúkraflutningar á Ísafirði, Rauði kross Íslands á Ísafirði.

3. Hvar var viðkomandi staddur á meðan á æfingu stóð?
Á vettvangi og á söfnunarsvæði slasaðra (SSS)

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.
--

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Gott væri að hafa reglulega upprifjun í notkun og meðferð hjálpartækja á vettvangi, s.s. bretti, kragi, o.fl.

Þjálfun á tetra-stöðvar. (Muna að fara yfir talhópa).

Þörf á reglulegri yfirferð hópslysabúnaðar.

Athuga þarf boðun Neyðarlínunnar í borðsíma FSÍ. Boð koma seinna í borðsíma en GSM síma.

Regluleg fræðsla til heilbrigðisstarfsfólks um störf aðhlyningarstjóra.

Flugvöllur mætti eiga nokkur bakbretti staðsett á flugvelli.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

Vettvangur:

Fólk var illa merkt. Auðkenna þarf stjórnendur betur með skýrum hætti. Flutningur af vettvangi fór hægt af stað. Mætti vera betri nýting á farartækjum.

SSS:

Vantaði aðstoð við flutning á sjúklingum innan svæðis.

Skilgreina þarf biðsvæði þeirra sem áttu eftir að gangast undir áverkamat.

Þarf að gera ráð fyrir að séu til staðar bráðaflokkunarspjöld á SSS ef ske kynni að fólk sé ekki flokkað á vettvangi.

Athuga að skipa birgðastjóra og hafa birgðir á einum stað.

Vantaði teppi.

Mikil umferð á talhóp verkþáttastjóra og vettvangsstjórnar, aðhlyningarstjóri komst ekki alltaf að.

5. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Vel mætt á fræðslu um bráðaflokkun og áverkamat, mikill áhugi fyrir hendi.
Góð aðstaða til funda og fræðslu.
Heilbrigðisstarfsfólk almennt meðvitað um mikilvægi æfingar.

Í upphafi æfingar kom vettvangsstjóri inn í flugstöð til að kanna fjölda fólks þar, sem biðu eftir flugi eða aðstandendum.

Flugvallarstarfsmenn stóðu sig vel, þekktu sitt hlutverk og fóru umsvifalaust að undirbúa flugstöð sem SSS.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

Vettvangur:

Bráðaflokkun gekk mjög vel. Framkvæmd skipulega og á yfirvegaðan hátt. Meðhöndlun sjúklinga meðan beðið var eftir flutningi var til fyrirmyndar, vel hlúð að fólki og ástand sjúklinga stöðugt endurmetið.

SSS:

Heilbrigðisstarfsfólk gekk vasklega og skipulega til verks á uppsetningu SSS. Mættu í hús 11:35 og svæði tilbúið 11:50.

Framkvæmd og skipulag á áverkamati gekk vel, fólk þekkti sitt hlutverk. Mjög vel var hlúð að sjúklingum.

Mjög góð samvinna milli heilbrigðisstarfsfólks og annarra viðbragðsaðila.

Beiðnum aðhlyningarstjóra til vettvangsstjórnar var vel sinnt.

Aðhlyningarstjóri hélt vel utan um SSS.

Forgangsröðun sjúklinga af svæðinu vel framkvæmd.



Flugslysaæfing Ísafirði 2010- Skýrsla ráðgjafa

1. Viðfang (Verkpáttur eða verkefni)	Ráðgjafi/ar:
Slökkvi- og björgunarstarf	Þorlákur Snær Helgason Ingimar Eydal Slökkvilið Akureyrar

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni
Flugvallarverðir, slökkvilið, sjúkraflutningamenn og björgunarsveitir.

3. Hvar var viðkomandi ráðgjafi staddur á meðan á æfingu stóð?
Á slysavettvangi.

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.
Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:
<i>Spurning hvort Slökkvilið Ísafjarðar hefði ekki að fá kennslu í slökkvi- og björgunarmálum í flugvélum. Þeir sem eru í hlutastarfi hjá þeim hafa ekki fengið mikla kennslu í þeim málum. Hef ekki fleiri atriði sem koma upp í hugann.</i>

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

<ol style="list-style-type: none"><i>1. Kominn er nýr monitor á slökkvibílinn á flugvellinu. Hann er minni en sjá gamli og mjög erfitt er að staðsetja hann þar sem hann fer ekki í rétta stöðu þegar kveikt er á honum. Þetta þarf að laga því hver sekúnda er dýrmæt í flugslysi.</i><i>2. Björgunaraðilar hefðu mátt vera fleiri á slysavettvanginum. Þeir sem voru í bátaverkefnum hefðu átt að koma í land og hjálpa til þegar þær æfingar voru búnar.</i><i>3. Nota má flugvallarslökkvibílinn lengur á vettvangi og tengja tankbíl slökkviliðsins á hann.</i><i>4. Ekki var gott að sjá að menn Isavia voru sendir heim að þrifa slöngur ofl. Hægt er að nota þá lengur á vettvangi þó að þeir eigi að vera tilbúnir fyrir sjúkraflug. Þeir geta verið með slökkvibílinn klárann á vettvangi og unnið að björgunarstörfum og tekið sér hlé á meðan sjúkraflugvélin kemur inn til landingar.</i><i>5. Of langur tími leið frá því að Slökkvilið Ísafjarðar kom á vettvang og þangað til þeir fóru að gera eitthvað, eða 9 mínútur.</i>
--

5. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Flugvallarverðir fengu góða kennslu á föstudeginum fyrir æfinguna.

Vil ég þakka starfsmönnum Isavia á Ísafjarðarflugvelli fyrir hjálpina að setja flugslysavettvanginn upp.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

1. Æfingin gekk mjög vel.
2. Flugvallarverðirnir kunna mjög vel að slökkva elda og barga fólki en þurfa að fá meiri kennslu í að sinna sjúklingum.
3. Klippuvinna hjá Slökkviliði Ísafjarðar gekk mjög vel.

- 11:20 Turn boðar Neyðarstig – Land.
- 11:21 Flugvallarverðir komnir á vettvang á slökkvibíl og byrja slökkvistarf.
- 11:23 Hermann flugvallarvörður kemur hjólandi á vettvang.
- 11:24 Turnmenn og umdæmisstjóri koma með slysakerru.
- 11:24 Starfsmaður FÍ kemur á vettvang.
- 11:32 Slökkvibíll flugvallarins vatnslaus.
- 11:33 Slökkvilið Ísafjarðar komið á vettvang.
- 11:42 Slökkvilið Ísafjarðar byrjar slökkvistarf og sjúkralið byrjað að greina sjúklinga.
- 11:50 Búið að slökkva allan eld.
- 12:18 Björgunarstjóri fær að vita frá ráðgjöfum að það er fólk hinu megin í fjörunni → tveir sjúklingar voru búnir að láta björgunarfólk vita af þessum sjúklingum en ekkert var byrjað að huga að þeim.
- 12:45 Fyrsta björgunarfólk kemur fólkinu til hjálpar.
- 13:04 Allir sjúklingar farnir af vettvangi.

Flugslysaæfingin Ísafjörður 2010) - Skýrsla lausnaraðila.

1. Starfseining	Skýrsluritari/ar:
Rannsóknarnefnd flugslysa	Porkell Ágústsson

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni
Rannsóknarnefnd flugslysa og lögreglan á Ísafirði

3. Hvar var viðkomandi staddur á meðan á æfingu stóð?
Í Reykjavík

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Undirbúningur áhafnameðlima var ekki sem skildi. Þeir voru ekki merktir eða auðkenndir.

Spurning um að fá gamla áhafnarbúninga frá flugrekendum Þá er mögulegt að greina áhöfn frá farþegum. Þannig er einnig gerður greinamunur á áhafnar meðlimum, þ.e. flugliði, flugmaður og flugstjóri.

Einnig er spurning hvort mögulegt sé að útvega vesti sem komin eru á dagsetningu en vesti eru mismunandi á litinn til þess að aðgreina áhöf frá farþegum.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

--

5. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Fjölmenntur fundur á föstudagsmorgni á lögreglustöð þar sem lögregla sýndi áhuga á að kynna sér mismunandi áherslur lögreglu og rannsóknarnefndar flugslysa. Aðilar gátu þannig kynnt sér hvernig hvor aðili um sig geti aðstoðað við störf hvors annars á vettvangi og ekki síst þær skyldur sem aðilar hafa þegar flugslys verða.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

Ráðgjafi frá RNF hlustaði á Tetra samskipti rannsóknaraðila á vettvangi við vettvangsstjóra. Samskiptin voru skýr og til fyrirmyndar, þ.e. óskir um að varðveita flugstjórnarklefa, leit að áhafnar meðlimum og að tryggja flugrita eftir að hann var fundinn.

Flugslysaæfing Ísafjörður 2010 - Skýrsla ráðgjafa.

1. Starfseining	Skýrsluritari/ar:
Fjöldahjálp-aðstandendur	Jón Brynjar Birgisson og Jóhann Thoroddsen

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni

Rauða kross deildir á norðanverðum Vestfjörðum og sóknarprestur á Ísafirði.

3. Hvar var viðkomandi staddur á meðan á æfingu stóð?

Í fjöldahjálparstöð/SSA.

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

- Leikarar sem léku aðstandendur voru í færra lagi. Það kom þó ekki alvarlega að sök.
- Skilgreina hefði mátt hlutverk og ábyrgð hvers og eins fyrirfram í neyðaráætlun deildar. Einnig æskilegan fjölda sjálfboðaliða á hverjum stað samkvæmt SÁBF kerfi

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

- Í byrjun voru viðbrögð helst til of handahófskennd. Stjórnendur söfnunarsvæðisins voru að ganga of mikið í öll störf í stað þess að eftirláta öðrum verkefni.
- Stöðufundir með þolendum hefðu mátt vera betur skipulagðir.
- Mikilvægt að virkja stjórnstöð strax og tengjast aðgerðastjórn og aðilum utan héraðs.
- Virkja þarf netfang deildar og skrá í neyðarvarnaáætlun m.a vegna samskipta við fulltrúa í aðgerðarstjórn.
- Ýmis atriði varðandi uppsetningu og búnað á söfnunarsvæði og fjöldahjálparstöð þarf að klára að ganga frá.
- Sjálfboðaliðar RKÍ sem höfðu það hlutverk að sinna óslösuðum og aðstandendum á vettvangi þurftu að sinna í meira mæli flutningum og fyrstu hjálp en gert var ráð fyrir og því hefði þurft að senda fleiri sjálfboðaliða á vettvang úr fjöldahjálparstöð.

5. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

- Leikararnir sem tóku að sér að leika aðstandendur voru mjög vel undirbúnir og léku hlutverk sín af slíkri þrýði að margir lausnaraðilar höfðu það á orði að þeir hefðu stundum haft það á tilfinningunni að þeir væru í raunverulegum aðgerðum.
- Vel gekk að virkja Rauða kross fólk til að taka þátt í æfingunni sjálfri og fræðslunni á undan.
- Ísafjarðardeild lagði mikla vinnu í það fyrir æfinguna að skipuleggja húsnæðið sem hýsir fjöldahjálparstöðina/SSA. Sú vinna skilaði sér svo sannarlega og er enginn vafi á því að fjöldahjálparstöðin á Ísafirði er ein sú best skipulagða á landinu.
- Ánægjulegt var að sjá að sóknarpresturinn á staðnum skyldi taka virkan þátt í æfingunni. Slíkt samstarf skiptir höfuðmáli þegar til raunverulegra aðgerða kemur.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

- Samskipti við aðgerðastjórn gengu að mestu leyti mjög vel.
- Aldrei var um neina undirmönnun að ræða, enda var þátttaka Rauða kross fólks í æfingunni með því besta sem gerist.
- Öll skipulagning og framkvæmd tókst með afbrigðum vel ef undan eru skilin smáatriði sem þegar hafa verið nefnd.



Flugslýsaæfingin Ísafjörður 2010

1. Viðfang (Verkpáttur eða verkefni)	Ráðgjafi/ar:
Rýnifundur	Kristján Torfason

Bjarni Sighvatsson Isavia setti fundinn og kynnti dagskrá hans. Hann sagði að sér myndist æfingin hafa gengið ótrúlega vel. Ekki var eins mikill troðningur á SSS eins og oft áður og taldi hann það merki um að þar hafi vinnan gengið vel. Lítil þátttaka var hjá björgunarsveitum nágrannabyggðalaga sem kom fram í skorti á björgunarmönnum á vettvangi. Yfirbragð æfingarinnar var mjög afslappað og leystust vandamálin mjög vel.

Vigdís Agnarsdóttir sagði að 38 leikarar hafi tekið þátt í æfingunni en auk þess voru notaðar nokkrar dúkkur. Björgunarmenn áttuðu sig fljótlega á því að sumar dúkkurnar voru með lífsmarki en oft hafa menn verið fljótir að afgreiða dúkkur sem látna einstaklinga. Nokkuð margar dúkkur voru hafðar með lífsmarki þannig að þær þurftu að skoða og meðhöndla sem slasaða einstaklinga. Leikarar og förðunarfólk stóð sig mjög vel og hefur þetta verið langur vinnudagur hjá þeim en þurftu þau að byrja daginn mjög snemma. Flestir leikarar voru sáttir við þá meðhöndlun sem þeir fengu en fram kom að einstaka björgunarmenn tóku verkefnið ekki nógu alvarlega. Það er ekki gott fyrir leikara að leika hlutverk sjúklings ef björgunarmönnum finnst það bara fyndið og eru ekki að taka þátt í leiknum. Þetta var langur vinnudagur hjá sumum leikurum og þeir sem fundust síðast og einnig þeir sem þurftu að klippa út úr flakinu var orðið svolítið kalt í lokin en björgunarmenn áttuðu sig á því og brugðust við.

Þorlákur Snær Helgason Slökkviliði Akureyrar sagði að kveikt hafi verið í vettvangi kl. 11:19 og flugturninn hafi sent boð til Neyðarlínunnar kl. 11:20. Flugvallarslökkvilið var komið á vettvang kl. 11:21 og hóf strax slökkvistörf. Aðrir flugvalarstarfsmenn voru komnir á vettvang kl. 11:24 með björgunarkerruna. Bæjarlökkvilið kom á vettvang kl. 11:33 en af einhverjum ástæðum hóf það ekki aðgerðir fyrr en 9 mínútum síðar. Búið var að slökkva allan eld kl. 11:50. Kl. 13:05 var búið að flytja alla sjúklinga af vettvangi inn á SSS. Flugvallarslökkvibíll var fljótlega sendur til baka að flugstöð en það hefð mátt nota hann mun lengur á vettvangi t.d. mætti tengja hann við tankbílinn til á fá vatn. Ávalt væri nægur fyrirvari á flugi um flugvöllinn til að gera slökkvibílinn kláran fyrir það. Skortur var bæði á björgunarfólki og flutningstækjum á vettvangi sem leiddi til þess að sinna þurfti sjúklingum mun lengur á vettvangi í stað þess að hraða flutningi þeirra á SSS.

Hrefna formaður Ísafjarðardeildar RKÍ sagði að þeirra hlutverk hafi verið að koma upp fjöldahjálparstöð og söfnunarsvæði aðstandenda og í heildina hafi það gengið ágætlega. Nokkur smáatriði þarf þó að fínþússa s.s. samskipti, skipulag og stjórnun innan stöðva og einnig merkingar. Verkefnið var krefjandi m.a. vegna einstaklinga sem töluðu bara erlend tungumál. Þó það hafi verið fáir einstaklingar gekk þokkalega að sinna þeim en það reynir verulega á starfsfólk þegar hlutirnir eru öðruvísi en fólk er vant. Fjórir RKÍ starfsmenn voru sendir á flugvöllinn og hefði mátt senda fleiri til að sinna grænum sjúklingum þar. Starfsmenn RKÍ frá öðrum stöðum kom til aðstoðar og þarf að gera ráð fyrir að fólk sé að mæta í erfið verkefni sem það hefur ekki tekist á við áður. Æfingin nýttist RKÍ mjög vel við að fínþússa hlutina og var mjög gagnleg.

Kristín Völundardóttir aðgerðarstjóri sagði að æfingin hafi gengið ágætlega þrátt fyrir að einhverjir hnökra hafi komið í ljós bæði í aðgerðarstjórn og á vettvangi. Eins og vitað var fyrirfram vantað mannskap í aðgerðarstjórn og einnig á vettvang. Lágmarksmannskapur í aðgerðarstjórn er 10 manns. Nokkrir í aðgerðarstjórn voru að grípa inn í fjarskiptin en það er ljóst að best er að hafa þau á einni hendi og verður það þannig framvegis. Það verður til þess að vettvangsstjóri þarf ekki að þola það að fleiri en einn séu að tala við hann úr aðgerðarstjórn. Gott væri að hafa upptöku í gangi í aðgerðarstjórn svo hægt væri að skoða eftir á hvað betur mætti fara. Skráning var í höndum ritara og einnig var skráning á töflur. Skráning á töflur var ekki nógu markviss og ekki nýtt nægjanlega vel en æfingin nýttist vel í að læra hvernig á að nota þær. Vettvangsstjórnin var of veik. Þar er ekki við vettvangsstjóra að sakast heldur voru of fáir í vettvangsstjórn. Einungis tveir voru í vettvangsstjórn en það væri mat aðgerðarstjórnar að það sé lágmark að hafa fimm manns í vettvangsstjórn fyrir utan vettvangsstjóra. Hún sagði að það væri spurning hvort ætti ekki að bæta leitarstjóra við kerfið til að skipuleggja og framkvæma leit bæði innan og utan vettvangs og koma þannig í veg fyrir að sjúklingar væru að finnast löngu eftir að slys hefur átt sér stað. Á heildina litið gekk æfingin vonum framár miðað við þann mannskap sem var til staðar og þakkaði hún öllum fyrir þátttökuna.

Ottó Þórðarson vettvangsstjórn var ekki skipuð þeim mannskap sem átti að vera en hún á að vera skipuð fulltrúa lögreglustjóra sem er vettvangsstjóri ásamt manni úr svæðisstjórn björgunarsveitanna en hann var ekki til staðar. Í staðinn var fenginn maður frá björgunarsveitunum sem stóð sig vel. Einnig á að vera maður úr slökkviliðinu en þeir voru einnig faliðaðir þannig að það gekk ekki. Fjarskipti voru ekki í lagi og virtist TETRA kerfið detta út á tímabili. Almennt gekk æfingin ágætlega og allir stóðu sig vel. Ekki gekk nógu vel að fá tölur úr talningunni. Nauðsynlegt er að áhafnar meðlimir séu merktir en þeir voru það ekki og hefur það áhrif á rannsóknarþáttinn.

Sveinn Þorbjörnsson björgunarstjóri sagði að æfingin hafi gengið vel miðað við umfang slyssins og hversu faliðað björgunarliðið var. Fimmtíu slasaðir er það mikið að ekki er hægt að sinna þeim eins vel og menn vilja með svona fáum björgunarmönnum. Hann sagðist hafa saknað þess að sjá ekki fleiri björgunarsveitarmenn en tíu til viðbótar hefðu breytt miklu. Einnig vantaði fleiri flutningatæki en þau tæki sem voru á staðnum höfðu nóg að gera. Það tafði mjög björgunaraðgerðir þegar í ljós kom að nokkrir slasaðir voru í fjörunni hinumegin og þurfti að senda sjúkrahús ásamt mannskap þangað. Að öðru leiti gekk æfingin vel.

Þórunn Pálsdóttir aðhlyningarstjóri sagði að á heildina litið hafi öll vinna á SSS gengið mjög vel. Vel var mannað hjá heilbrigðisgeiranum og gekk hratt og örugglega að koma upp SSS. Öll samskipti milli heilbrigðisstarfsmanna gengu mjög vel. Samskipti á TETRA við aðra stjórnendur gengu einnig mjög vel þrátt fyrir mikið álag á tímabili. Flestar beiðnir til vettvangsstjóra voru afgreiddar. Eftir að aðstoð barst fóru flutningar á slösuðum inn á SSS að ganga vel. Passa þarf upp á að allir sem koma inn á SSS fái áverkamat en einhver misbrestur var á því þar sem einhverjir grænir sjúklingar fóru beint inn á græna svæðið. Hugsanleg væri hægt að leysa þetta vandamál með því að setja upp biðsvæði við áverkamatið þar sem allir sjúklingar koma inná. Skortur var á flutningsmönnum innan SSS og einnig þegar flytja þurfti sjúklinga út í sjúkrahús eða flugvélar en það gekk síðan hratt og vel fyrir sig þegar mannskapur var kominn í það. Nauðsynlegt er fyrir heilbrigðisgeirann að hafa

birgðastjóra. til að hafa umsjón með birgðum og kalla eftir birgðum ef á þarf að halda. Hún sagðist vera ánægð með daginn og þakkaði öllum gott samstarf.

Haukur Hermannsson gæslustjóri sagði að lokanir hafi gengið vel og þar hjálpaði mikið að flugvallarsvæðið er þannig að það er mjög þægilegt að loka því af. Þrátt fyrir lítinn mannskap gekk gæsla mjög vel en aðeins 4 lögreglumenn voru í gæslu. Heilt yfir gekk æfingin þokkalega og þakkaði hann samstarfið.

Pálmi Árnason flutningastjóri sagðist ekki hafa haft úr miklu að móða þegar hann kom á vettvang. Um var að ræða einn bíll og sjö björgunarsveitarmenn. Þetta ástand stafar af því að björgunarsveitir eru með sveigjanlegan hóp hverju sinni en þetta ástand endurspeglar ekki það ástand sem væri uppi ef um raunverulegan atburð væri að ræða. Miðað við þann mannskap og búnað sem var til staðar sagði hann að æfingin hafi gengið ótrúlega vel. Allir voru vel stemmdir til að takast á við það verkefni sem lá fyrir. Einhverjir smá hnökror komu í ljós í TETRA fjarskiptunum. Skortur var á börum þrátt fyrir að töluvert er til af börum á flugvellinum. Taka þurfti sjúklinga af börum svo hægt væri að nota þær til flutnings innan svæðisins. Ef fleiri björgunarsveitir hefðu mætt hefðu þær komið með börur með sér og hefði það leist þetta vandamál. Bjargi á sjó gengu vel, þar var nægur mannskapur og búnaður. Vel gekk að athafna sig við þyrlur og flugvélar. Á heildina litið gekk æfingin mjög vel.

Gylfi Þ. Gíslason sá um talningu. Hann sagði að svo virðist sem flutningamenn hafi ekki vitað að sá sem sér um talningu þarf að fá að vita um númerin á greiningarspjöldunum sem sett eru á sjúklingana. Oft þurfti að stoppa flutningamenn og leita að spjöldunum á sjúklingnum og stundum voru þau skilin eftir á vettvangi. Þessi spjöld þurfa að vera áberandi á sjúklingnum. Einnig gæti það gerst að ómerktir sjúklingar kæmu gangandi inn á SSS og þá kæmi sér vel að hafa þar móttöku í þeim dúr sem aðhlyningarstjóri nefndi og þar gætu þessir sjúklingar fengið númer. Þegar sjúklingar eru síðan fluttir af SSS út í sjúkrabíl eða flugvél þyrfti að verð hægt að rífa afrifu að spjaldinu sem væri síðan hægt að afhenda talningarmanninum. En þar þurfti einnig að stoppa flutningamenn og leita að spjaldinu.

Rögvaldur Ólafsson sagði að fjarskiptin hafi gengið vel en oftast er það mannlegi þátturinn sem má betur fara og oftast væri erfiðast að laga þann þátt. Fjarskiptaskipulagið er nokkuð skýrt og ekki að sjá að þar hafi eitthvað farið úrskaiðis. Aðal vandræðin virtust vera að menn væru ekki á réttum talhóp eða voru að reka sig í einhverja takka. Að einhverjum ástæðum tók Neyðarlínan sig til og fór í einhverjar lagfæringar á kerfinu á sama tíma og æfingin var að hefjast, eitthvað sem hentar ekki þegar stórar aðgerðir eru í gangi. Þetta tók aðeins nokkrar mínútur og vonandi er kerfið þá betra eftir þessa aðgerð. Samkvæmt upplýsingum frá Neyðarlínunni voru þeir að reyna að auka við afl sendisins til að freista þess að ná betur til nokkurra skuggasvæða þar á meðal á flugvellinum.

Arnór Magnússon umdæmisstjóri Isavia sagði að æfingin hafi gengið vel frá þeim séð. Flugvallaslökkviliðið var fyrst á vettvang en fyrir mistök gleymdist að taka eina TETRA stöðina með. Þetta atriði skýrir að hluta sambandsleysi milli flugvallarstarfsmanna. Að koma að svona slysi er ekkert smá mál fyrir fólk sem ekki eru fagmenn á þessu sviði og þá er mjög gott að vita af aðstoð allra þeirra fagmanna sem eru á leiðinni á vettvang. Það sem flugvallarstarfsmenn gerðu var að tala við sjúklingana, segja þeim að það væri hjálp á leiðinni og breiða yfir þá teppi.

Bæjarlökkviliðið tengdi ekki sína bíla inn á slöngur flugvallarslökkvibílsins eins og hann hefði búist við en tók fram að hann vissi ekki hvað verklag væri viðhaft í þessum efnum. Hann sagðist hafa farið fljótlega upp í turn og þar hafi hann fengið þær upplýsingar að 24 manns hefðu verið um borð í flugvélinni. Það reyndist ekki rétt og vöknudu spurningar um hvernig ætti að lesa úr tölum farþegalistans. Hann sagði að æfingin hafi gengið vel í alla staði og þakkaði öllum sem tóku þá í henni fyrir góða samvinnu.

Ingvar ? sagðist vera að taka þátt í sinni þriðju æfingu og nefndi það að talað hafi verið um að það hafi skort mannskap á æfingunni. Í því sambandi sagði hann að það væri jafnvel bara betra í ljósi þess að það væri oft þannig að ekki væru allir björgunarmenn staðarins tiltækir og þar af leiðandi væri ekki raunhæft að halda fullmannaða æfingu en síðan þegar raunverulegt slys ætti sér stað þyrfti hugsanlega fámennur hópur björgunarmanna að vinna úr því. Einnig sagði hann að hann hefði viljað sjá vettvangsstjóra eða einhvern úr vettvangsstjórn meir úti á vettvangi. Hann hafi sjálfur verið aðstoðarmaður vettvangsstjóra á síðustu æfingu og þótti óþægilegt að vettvangsstjórn væri innilokuð í flugturninum allan tíman og vissi þar af leiðandi ekki nógu vel um stöðuna á vettvangi, þá sérstaklega ef fjarskipti gengu ekki nógu vel. Hann sagðist hafa verið í flutningum slasaðra af vettvangi inn á SSS og þar hafi alltaf verið laust pláss og aldrei myndast biðröð.

Hlynur Snorrason í rannsóknardeild lögreglunnar á Ísafirði sagðist hafa farið einn á vettvang þar sem hinn starfsmaður deildarinnar hafi verið í frí. Hann sagði að allir þátttakendur æfingarinnar hafi staðið sig mjög vel. Skortur á mannskap hafi þó sett mark á æfinguna og hafi hann t.d. verið með einn lögreglumann með sér í þeim verkefnum sem hann þurfti að sinna og væri það alltof lítið. Hann sagði að það mætti alls ekki bregðast á svona æfingum að áhöfn vélarinnar væri auðkennd þar sem það væru sérstakar verklagsreglur um meðhöndlun áhafnarinnar. Á þessari æfingu gekk mjög illa að finna áhöfnina þar sem hún var ómerkt og sagðist hann hafa þurft að trufla heilbrigðisstarfsfólk með allskonar spurningum við leit að áhöfninni. Að lokum gáfu sig fram tveir menn sem reyndar voru „látir“ og játuðu að þeir væru flugmennirnir.

Vigdís Agnarsdóttir sagði að á þessum æfingum hafi aðili frá RNF sett upp sérstaka æfingu fyrir rannsóknaraðila þar sem áhöfnin hafi verið yfirheyrð. Þorkell frá RNF hafi ætlað að koma á æfinguna í þetta verkefni en það klikkaði þar sem ekki var flogið hingað vegna áhrifa frá eldgosinu í Eyjafjallajökli. Hún sagðist ekki vita hvernig RNF hafi staðið að þessu en í þessari æfingu hafi ekki verið um neitt annað að ræða en að hafa áhöfnina innanum aðra sem í vélinni voru. Hún sagðist taka málið til skoðunar og sjálfsagt væri að hafa áhöfn vélarinnar auðkennda í framtíðinni.

Bjarni Sighvatsson hvatti þátttakendur í æfingunni til að skrifa skýrslu sem allra fyrst og senda til Isavia. Hann sagði að það væri brýnt að gera þetta á meðan æfingin væri mönnum í fersku minni þannig að því fyrr sem menn kláruðu skýrsluna því betra. Fyrir hönd ráðgjafa á æfingunni þakkaði hann öllum þátttakendum fyrir gott samstarf.

Arnór Magnússon þakkaði fyrir hönd Isavia öllum þeim sem tóku þátt í æfingunni fyrir gott og ánægjulegt samstarf og sagði æfingunni slitið.